

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft. Heimili þess og varnarþing er í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að varna Klifandi, Hafursá, Holtsá og Lambá að ganga á graslendi þeirra jarða, sem eiga land að þessum vötnum, og helst að þrengja að farvegum þeirra og beina rennsli þeirra eðlilega leið til sjávar. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meirihluti félagsmanna er því samþykktur.

3. gr.

Hönnun meiri háttar mannvirkja, sem félagið hyggst ráðast í hverju sinni, skal félagsstjórn bera undir ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

Að loknum framkvæmdum við mannvirkjagerð, skulu þær teknar út af ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum.

4. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Hvoll I, Hvoll II, Pétursey I, Pétursey II, Vellir, Nykhóll, Fell, Holt, Álftagróf og Keldudalur.

Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar landbúnaðarráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn og aðrir þrír varamenn. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og gengur einn úr stjórn hvert ár, eftir hlutkesti fyrstu tvö árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal kjósa tvo menn til að endurskoða reikninga félagsins.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar lagður fram endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir fund. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meirihluta atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða þeirra félagsmanna, sem á fundi eru. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef þörf krefur, en skylt, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur, ef eigendur vilja ekki og er óskylt að taka þátt í félaginu, þeirra jarða, sem um ræðir í 3. gr., og gildir eitt atkvæði fyrir hverja jörð. Til aðalfundar

skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitafunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. Skytt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundargerðir félagsfunda.

7. gr.

Kostnað við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir. Skal þá leggja til grundvallar að kostnaðurinn skiptist í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna. Jafnframt skal þó taka tillit til þeirra hagsbóta, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni, og skal það metið af þrem mönnum, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna og að öðru leyti fer hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi, og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur með ríkisframlagi eða annars staðar frá.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hún skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Hún skal annast um að gert verði við bilanir svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutan stjórnar, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu á vegum félagsins fyrir verkamenn, bifreiðar og önnur vinnutæki.

9. gr.

Allan sameiginlega kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin með lögtaki. Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Nú telur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til úrbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skytt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur, ef ástæður leyfa og fé er fyrir hendi.

11. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari sbr. 5. gr., enda staðfesti landbúnaðarráðherra samþykkt um félagsslitin.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða sektum, er renna í félagssjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar í stað gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT**um hundahald í Blönduóshreppi.**

1. gr.

Hundahald sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta piötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarstjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skyllt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda bera að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir þar í geymslu, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.